

WÉLO

FIMMTUDAGUR 26. OKTÓBER 2017

Tíska



Úrsúla Hanna Karlsdóttir er nemi í HÍ en hún var kosin Miss Top Model 2017 í Ungfrú Ísland keppninni. ➔4



Mamma helsta tisku- fyrirmyndin

Vigdís Ásgeirsdóttir söngkona hefur gaman af því að klæða sig upp á og ullarpeysukápa með hlébarðamynstri er uppáhaldsflíkin hennar. ➔2

Pilsíð er úr siffoni og er keypt í H&M. Samfellan er úr Stories. MYND/ANTON BRINK



PONCHO OG SLÁR

Fallegt, fágæð og töff

comma,
SMÁRALIND

Sigríður Inga
Sigurðardóttir
sigridinga@365.is



Framhald af forsiðu →

Sennilega hefur aldrei verið meira að gera hjá mér í lífinu," segir Vigdís Ásgeirsdóttir, söngkona og sálfræðinemi, en þessa dagana hefur hún í mörg horn að líta. „Ég byrjaði í masters-námi í klínískri sálfræði í haust og álagið er svaklegt en námið er mjög skemmtilegt. Dagurinn fer í lestur, fyrirlestra, verkefnavinnu og ýmislegt annað skemmtilegt, svo sem kennslu í greindarmælingum. Um helgar hef ég nóg að gera í söngnum en við Sigurjón Alexandersson gítarleikari spilum út um allar trissur. Ég og hljómsveitin mín, Smáurarnir, tókum rispur og höldum af og til tónleika. Svo styttest í jólin og þá er oft mikið að gera í spilamennsku.“

Brjóstadúskar og burlesque

Þrátt fyrir annir gefur hún sér tíma til að sækja burlesque-námskeið hjá Margréti Erlu Maaack í Kramhúsinu. „Ég mæli með því fyrir allar konur sem vilja komast aðeins út fyrir rammann og finna sig betur sem kynverur og sviðslistakonur. Farið er yfir helstu þætti burlesque, svo sem hreyfingar, dans, gerð atriða og það allra skemmtilegasta; brjóstadúska! Annars eru bestu stundirnar í lífinu tíminn sem við eigum saman sem fjölskylda. Við Ingólfur Magnússon, eiginmaður minn, eigum tvö dásamleg börn, Heklu Maggý 3 ára og Álfgrím 1 árs og þau gera allt ljúfara og skemmtilegra, ásamt því að fylla lífið tilgangi.“

Kjolar eða goth-stíll

Spurð hvort hún hafi áhuga á tisku segist Vigdís vera meðalmanneskja hvað það varðar. „Ég les hvorki mikið af tiskublóðum, né horfi á Fashion TV en mér finnst mjög gaman að fylgjast með fólki í kringum mig og fá straumana í gegnum aðra sem klæða sig fallega og töff. Ég get verið á mjög andstæðum

„Mér finnst æðislega gaman þegar við Ingó dressum okkur upp saman og spáum í sameiginlegan stíl. Hann á mikið af fallegum fötum og tók þá ákvörðun fyrir einhverjum árum að hætta almennt að kaupa sér svört föt.

pólum í fatastíl og finnst gaman að fara á milli stíla. Eitt kvöldið get ég t.d. verið í fallegum kjól, með hárið uppsett, perlulokka og rauðan varalit en næsta kvöld klæðst öllu svörtu og verið í goth-stíl.“

Vigdís kaupir fötin sín helst í H&M, sem jafnframt er hennar uppáhaldsverslun. „Þar fæst allt milli himins og jarðar fyrir litinn pening. Um þarsíðustu helgi fór vinkona mín með mig í æðislega búð sem heitir Stories og er í Frankfurt. Svo eru dásamleg föt í Geysi og hjá fleiri íslenskum hönnuðum sem ég mun klárlega versla meira við þegar ég kem út á vinnumarkaðinn.“

Vigdís verslar töluvert á netinu, sérstaklega þegar hún kaupir sér vintage-kjóra eða langar í ákveðinn hlut til að poppa upp einstök dress. „Ég keypti korsilett á netinu fyrir nýja burlesque áhugamálið mitt. Annars er ég sérlega praktísk og því eru gallabuxur og bolur hversdagsklæðnaðurinn.“

Ber fallega fylgihluti með sögu

Hljá og flotta ullarpeysukápan með hlébarðamynstrinu er í mestu uppáhaldi hjá Vigdís því hún poppar upp hversdagsklæðnaðinn. „Svo held ég mikið upp á nýja Helgu Möller/Páls Óskars jakkann minn, sem er æðislega klæðilegur silfurjakki. Uppáhaldshönnuðurinn minn er Bergdís Inga Brynjarsdóttir, hún er bæði dásamlegur hönnuður og vinkona.“

Notar þú fylgihluti, sem eiga sér einhverja sögu? „Já, ég á tvo skartgripir sem ég nota mjög mikið,



Silfurjakinn er í miklu uppáhaldi. Hann er keyptur í H&M og lakkbuxurnar líka. MYNDIR/ANTON BRINK

Nýtt frá ROBELL



Pleður buxur
kr. 9.800.-
Str. 36-52


Litir: dökkblátt og svart

Ríta



Við erum á Facebook

Bæjarlind 6 • S. 554 7030



Dýrgripir sem voru í eigu ömmu Vigdísar.

fyrir utan giftingarhringinn minn sem ég er að sjálfsögðu alltaf með. Annað er hálsmen sem afi minn gaf ömmu sem tryggðarpant þegar þau voru 18 og 19 ára árið 1930. Afí gaf ömmu svo hring í fertugs-afmælisgjöf árið 1951 sem ég tek ekki af mér þótt hann sé risastór. Hann er úr gulli með stórum amethyst-steini.“

Kápurar dattu í sundur

En áttu þér tiskufyrirmynd? „Já,

ætli mamma sé ekki númer eitt en hún heitir Stefánía Harðardóttir. Hún er alltaf glæsileg. Mamma sagði við mig þegar ég var svona 10 ára að hún klæddi sig þannig á morgnana að hún gæti farið beint í óvænt kokteillboð eftir vinnu. Ég veit ekki hvort ég stend mig alveg jafn vel og hún í þeirri deild en þetta á svo sannarlega við um hana.“

Vigdís finnst mjög gaman að klæða sig upp á þegar eitt-

hvað stendur til. „Mér finnst líka æðislega gaman þegar ég og Ingó, maðurinn minn, dressum okkur upp saman og spáum í sameiginlegan stíl. Hann á mikið af fallegum fötum og tók þá ákvörðun fyrir einhverjum árum að hætta almennt að kaupa sér svört föt. Í staðinn á hann fullt af fötum í bleiku, appelsínugulu og öðrum flippuðum litum og mér finnst eiginlega skemmtilegra að kaupa föt á hann heldur en mig sjálfa.“

Fólk er kynningarblað sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í forni viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnar-efni. Blaðið fylgir fréttablaðinu daglega.

Útgefandi:
365 miðlar

Ábyrgðarmaður:
Svanur Valgeirsson

Sölumenn efnis: Elin Albertsdóttir, elin@365.is, s. 512 5349 | Ragnheiður Tryggvadóttir, heida@365.is, s. 512 5367 | Sólveig Gísladóttir, solveig@365.is, s. 512 5351 | Sigríður Inga Sigurðardóttir, sigridinga@365.is, s. 512 5372 | Starri Freyr Jónsson, starri@365.is, s. 512 5358 | Vera Einarsdóttir, vera@365.is, s. 512 5357

Sölumenn: Atli Bergmann, atlib@365.is, s. 512 5457 | Jóhann Waage, johannwaage@365.is, s. 512 5439 | Jón Ívar Vilhelmsson, jonivar@365.is, s. 512 5429 | Ólafur H. Hákonarson, olafurh@365.is, s. 512 5433

Frábært
úrval af **nýjum**
og **glæsilegum**
sparivörum!

Stærðir
36-56

NÝ SENDING!

ZIK ZAK
TÍSKUHÚS



Syngjandi fyriræta

Úrsúla Hanna Karlsdóttir er alin upp á sveitabæ á Mýrunum. Hún stundar nám í líffræði við Háskóla Íslands. Úrsúla var kosin Miss Top Model 2017 í Ungfrú Ísland keppninni í ágúst.

Elin
Albertsdóttir
elin@365.is



Úrsúla sagðist hafa verið svo heppin að fá að taka þátt í keppninni Ungfrú Ísland. „Þetta var afskaplega gaman og ég kynntist svo mörgu yndislegu fólki. Ég eignaðist vinkonur og ógleymanlega reynslu í kjölfarið,“ segir hún. Árið 2014 bar Úrsúla sigur úr bítum í söngvakeppni nemendafélags Menntaskóla Borgarfjarðar þar sem hún söng lagið Vor í Vaglaskógi ásamt Val Vífilssyni. „Mér hefur alltaf

fundist gaman að syngja en ég hef ekki verið að syngja neitt upp á síðkastið nema í bílnum mínum. Söngur er eitthvað sem ég hef virkilega gaman af og væri til í að gera meira af í framtíðinni,“ segir hún. „Ég hlusta mikið á útvarpið í bílnum mínum og er þá oftast stillt á Áttuna FM. Ég elska að hlusta á kántrítónlist þegar ég er lengi á ferðinni, til dæmis þegar ég er á leiðinni vestur í sveitina heim.“

Þessa dagana fer mestur tími í námið hjá Úrsúlu svo hún hefur ekki haft mikinn tíma fyrir fyrirsætustörf. Hún vonast þó til að starfa við módelstörf þegar hægist um. Úrsúla segist ekki fylgjast

25% afsláttur
af öllum vörum frá

ZE-ZE
CONCEPT

zhenzi
WOMENS WEAR

Stærðir 38-58

Verstunin Belladonna

belladonna

Skeifunni 8 • 108 Reykjavík • Sími: 517 6460 • www.belladonna.is

Satínblússa á 9.900 kr.
3 litir: blátt, svart, vínrautt • Stærð 34 - 48

black pepper
FASHION

Laugavegi 178 | Sími 555 1516
Opið: Virkir dagar 11-18 | Laugardagar 11-15



Úrsúla Hanna var kosin Miss Top Model 2017 í Ungfrú Ísland keppninni í sumar. MYND/EPÓR

neitt sérstaklega mikið með tisku eða tiskustraumum um þessar mundir. „Ég er mjög mikið fyrir að velja það sem mér líður þægilega í, sama hvort það er í tisku eða ekki. Síðan finnst mér gaman að skoða það sem er nýtt á markaðnum. Þegar kólnar í veðri finnst mér ekkert þægilegra en að vera í stórum, viðum og hlýjum peysum sem hægt er að hjúfra sig í, helst með góðum tebolla. Hátt hálsmál, eins og rúllukragapeysur og bolir, eru einnig alltaf í miklu upphaldi, sama hvaða árstími er,“ segir Úrsúla en hún flakkar á milli búða og velur sér flikur frá mismunandi stöðum. „Þær verslanir sem eru í sérstaklegu miklu upphaldi hjá mér núna eru Vero Moda og H&M. Þegar ég er í útlöndum þá fer ég oftast í H&M og stundum Zöru. Síðan er búðaröll alltaf vinsælt.“

Úrsúla segist ekki fara mikið á

djammið. „Ég myndi segja að ég sé fremur heimakær en ég hef þó afskaplega gaman að fara öðru hverju niður í bæ. Ég er samt mjög hrifin af þægilegum og rólegum kvöldum heima með góða mynd í sjónvarpinu,“ segir Úrsúla sem kíkir líka inn á netið eins og aðrir. „Á samfélagsmiðlum er ég mest virk á Instagram og Facebook. En síðan skoða ég oft fréttasiður inn á milli. Síðan eru það mismunandi fatasiður sem maður kíkir stundum á, eins og Asos, Boohoo og svoleiðis. Ég fer líka í líkamsrækt og lyfti lóðum og brenni. „Ég hef áhuga á að fara í hina ýmsu tíma sem búið er upp á í World Class. Hot Yoga er einn af þeim tímum sem mér finnst rosalega gaman að fara í, hef reyndar farið allt of sjaldan undanfarið en þetta er bara svo þægilegt og slakandi.“

Úrsúla er fylgjandi vegan mataræði og reynir að borða hollan

og fjölbreyttan mat. „Ég neita mér sjaldan um eitthvað en reyni frekar að útbúa hollari útgáfur af réttunum. Ég er mikill sælkeri og elska hið ýmsa bakkelsi, enda hef ég sjálf mjög gaman af því að baka. En nei, ég get ekki sagt að ég eigi mér upphaldsmat, það er svo margt og mismunandi sem mér finnst gott. Pasta getur þó ekki klikkað. Ég fer sjaldan út að borða, helst þegar fjölskylda mín kemur í bæinn. Annars elda ég mikið sjálf,“ segir hún.

Á döfinni hjá Úrsúlu er ferðalag í byrjun nóvember. „Við fjölskyldan erum að fara til Þýskalands að heimsækja ömmu mína og afa, en þau búa í Suður-Þýskalandi. Mamma mín er þýsk og því reynum við að fara rúmlega einu sinni á ári í heimsókn til fjölskyldunnar úti. Þar er annað heimili manns, getur maður sagt,“ segir Úrsúla Hanna.

SHIMANO®

TRI VERSLUN er umboðsaðili CUBE á Íslandi



HJÓLREIÐAR



HLAUP



SUND



RFR Power ljósasett
Verð: 4.990kr

RFR Power ljósasett
Verð: 4.990kr

RFR Power ljósasett
Verð: 4.990kr



Tacx Vortex Smart
Verð: 67.990kr



Nagladekk
Verð frá: 6.990kr

Vetrarvörur vörur frá Cube, Tacx & Louis Garneau komnar!

Tacx



WWW.TRI.IS

#cube_your_life!

Suðurlandsbraut 32, 108 Reykjavík

RolfPRIMA

Verzlunin er opin:
Alla virka daga kl. 10:00 til 18:00
Laugardaga kl. 11:00 til 15:00

Skjól fyrir kaldri krumflu

Það fer kólnandi. Kominn tími fyrir hlýjar húfur og töff höfuðbúnað. Vetur konungur ræður ríkjum og tiskukóngarnir hafa talað. Franska, rómantíska alpa-húfan er höfuðfat vetrarins, ásamt fleiri höfuðdjasnum sem verja kollinn fyrir kulda.

Vetrartiskan í húfu- og hattalandi mánuðina fram undan er einkar fjölskrúðug í vetur, þótt alpa-húfan sigilda hafi sést hjá fleiri en einum hönnuði á tiskupöllunum sem sýndu haust- og vetrartiskuna í París í sumar. Svartur glamúr í bland við æpandi litadýrð eru skilaboð dagsins og mikið lagt upp úr að skarta tiskulegum höfuðbúnaði eftir veðri og vindum. Eilítið gamaldags en dómulegir hattar sem minna á eftirstríðsárin eru finasta fint við hátíðleg tilefni, en hvunn dags eru það prjónahúfur með dúskum, neti og munstri sem ganga, eða saumaðar derhúfur úr tvíði, ull og gervifeldi.



Últra svöl derhúfa fyrir þær sem þora. Úr ullartvíði og situr eins og þreföld á höfðinu. Frá Marc Jacobs.



Alpahúfur þykja elegant og dómulegar í öllum litum og efnum í vetur. Þessi er úr svörtu leðri frá Christian Dior.



Hefðbundnar prjónahúfur í öllum litum eru hæstmóðins. Þessi er frá Hermès.

LEITIN

AÐ UPPRUNANUM

EDDAN FRÉTTA- OG VIÐTALSPÁTTUR ÁRSINS

BLAÐAMANNNAVERÐLAUNIN UM FJÖLLUN ÁRSINS

SUNNUDAGA

KLUKKAN 20:15


Leitin að uppruninum

Önnur þáttaröð af þessum geysivinsælu þáttum sem slógu í gegn á síðasta ári og fengu bæði Edduverðlaun og Blaðamannaverðlaun B.I. Sigrún Ósk ferðast með viðmælendum sínum um víða veröld og aðstoðar þá við að leita uppruna síns.




MARGFALT SKEMMTILEGRI


365.is | 1817



Hippalegar og loðnar derhúfur í áberandi litum eru höfuðskart vetrarins frá Miu Miu.



Kvenlegir hattar í eftirstríðsárstil setja punktinn yfir i-ið við sparileg tilefni í vetur. Frá Ulyana Sergeenko.



Ullarefni og tvíð hitta beint í mark í vetur, sem og stásslægir hattar með hattbarði, eins og þessi frá Chanel.



Prjónahúfur Jean Paul Gaultier skarta skrautlegu, litríku munstri og áberandi stórum dúskum.

VANDAÐAR YFIRHAFNI

Stærðir 14-28 eða 42-56

Sjáðu úrvalið á www.curvy.is eða komdu við í verslun okkar að Fákafeni 9

Opið alla virka daga frá kl. 11-18 og laugardaga frá kl. 11-16

Curvy.is



Junaröse Úlpa
12.990 kr



Jakkí
7.893 kr



Parka Úlpa
15.990 kr



Létt úlpa
9.990kr



Útivistarbuxur
13.990 kr



Zizzi Úlpa
12.990 kr



Úllarkápa
18.990 kr



Úllarkápa
19.990 kr

VERTU VELKOMIN Í VERSLUN OKKAR AÐ FÁKAFENI 9 EÐA PANTAÐU Á WWW.CURVY.IS

Afgreiðslutímar í verslun Curvy.is að Fákafeni 9 eru
Alla virka daga frá kl. 11-18 og Laugardaga frá kl. 11-16

SENDUM FRÍTT
HVERT Á LAND
SEM ER!



Við erum á Snap chat - Curvy.is

Curvy.is

- Fákafeni 9, 108 RVK | Sími 581-1552 | www.curvy.is



25% afsláttur
af öllum vörum frá

ZE-ZE
CONCEPT

zhenzi
WOMENS WEAR

Netverslun á tiskuhús.is

Stærðir 38-52

My Style tiskuhús

Holtasmára 1
201 Kópavogur
(Hjartaverndarhúsið)
Sími 571 5464



Tónlistarmaðurinn Andri Fannar Kristjánsson, öðru nafni AFK, klæðist hér joggingbuxum, einföldum svörtum bol úr Walmart og svörtum Obey leðurjakkka sem hann teiknaði á sjálfur. MYNDIR/ERNIR

Einfaldur stíll

Hvítir og svartir bolir eru nauðsynlegir í fataskáp tónlistarmannsins AFK sem treður upp á Airwaves í næsta mánuði.

Tónlistarmaðurinn Andri Fannar Kristjánsson, öðru nafni AFK, kemur fram á tónlistarhátíðinni Iceland Airwaves í næsta mánuði en þetta er í fyrsta sinn sem hann treður upp á hátíðinni. Andri byrjaði að semja tónlist fimmtán ára gamall en það var ekki fyrr en í upphafi þessa árs, fimm árum síðar, sem hann gaf út sitt fyrsta lag. Næsta lag kom út skömmu síðar og í sumar kom út EP platan Wasting My Time en alla útgefna tónlist hans má finna á Spotify undir AFK.

Hvernig myndir þú lýsa fatastíl þínum? Eg er með frekar einfaldan fatastíl. Mér finnst nauðsynlegt að eiga nóg af hvítum og svörtum bolum og geng í gallabuxum eða joggara. Svo reyni ég bara að poppa útlitid upp með fylgihlutum, jakka og flottum skóm.

Áttu tiskufyrirmyndir? Kurt Cobain, Lil Peep, Oliver Sykes, ASAP Rocky, Basquiat og Salvador Dalí. Blandaðu þeim og imyndaðu þér útkomuna!

Bestu og verstu fatakaupin? Eg man ekki eftir bestu en vel eftir þeim verstu. Það var blazer jakki sem ég keypti fyrir árs hátíð í Kvinnó. Hef aldrei farið í hann aftur og mun aldrei gera það. Notar þú fylgihluti? Eg nota



Supreme englabuxur og Drop dead bolur frá árinu 2011.



Drop dead jakki sem Andri keypti þrettán ára gamall.

hringa, hálsmen, gleraugu, hatta og belti.

Hvaða flik hefur þú átt lengst og notar enn? Það er rauði Drop dead bolurinn minn sem ég er búinn að eiga síðan ég var ellefu ára gamall.

Ég var svo heppinn að kaupa hann í XL þannig að hann smellpassar á mig í dag.

Áttu þér uppáhaldsverslanir hér heima og



Nike sb Melvins skórnir sem komu á markað 2005.

erlendis? Erlendis eru það klárlega Flight Club verslanirnar sem eru svo sannarlega himnaríki þegar kemur að strigaskóm af ýmsum stærðum og gerðum. Þar keypti ég skó fyrir stuttu sem ég hef einmitt leitað að í mörg ár.

Áttu þér uppáhaldsflik? Nike sb Melvins skórnir mínir eru í uppáhaldi en þeir komu á markað árið 2005.

Hvert stefnir þú í lífinu? Eg ætla að einbeita mér að tónlistinni og sjá hvert hún tekur mig.

Andri kemur sjó sinnum fram á Airwaves, þar af sex sinnum á „off-venue“ tónleikum. Nánari dagsetning má finna í Airwaves-appinu.

Hægt er að fylgjast með AFK á Facebook (AFK13), á Instagram (and-rifk13) og á YouTube (AFK13).



Dúkar
í miklu úrvali

3.495
45x150cm

5.495
45x220cm

5.495
150x250cm

6.495
150x250cm

8.995
150x250cm

KRINGLUNNI | 588 2300

INDISKA

MARAPON
NOW OG 11GB
Á 3.990 KR.*

Fáðu 11 gígabæt í símann, endalaust mörg símtöl og sms ásamt aðgangi að Marapon Now.

Nánari upplýsingar um tilboðið á **365.is** eða í síma **1817**.

*á mánuði

2 MARAPON
NOW + 11GB

365.is

365

FYRSTA BLANDA NIVEA AF Q10 & HREINU C-VÍTAMÍNI



NÝTT

**ÞESSIR TVEIR KRAFTMIKLU SINDURVARAR GERA HÚÐFRUMUNUM KLEIFT
AÐ TAKA UPP 50% MEIRA SÚREFNI* SEM GEFUR HÚÐINNI MEIRI ORKU.
NÝJA FORMÚLAN ER SÉRSTAKLEGA VERNDUÐ Í LOFTÞÉTTRI PAKKNINGU.**

Kali, api, fiðrildi og klón

Fyrirsætan og leikkonan Heidi Klum heldur heimsins frægustu hrekkjavökupartí og búningar hennar vekja heimsathygli enda færustu hönnuðir og förðunarfræðingar kallaðir til gervagerðarinnar.

Brynhildur Björnsdóttir
brynhildur@365.is



Heidi Klum býður alltaf rjómanum af Hollywood til veislunnar sem haldin er 31. október ár hvert og að sjálfsgöðu mæta allir í sínum bestu búningum. Sjálf hefur Heidi látið hafa eftir sér að það sé hrekkjavaka allt árið heima hjá henni og hún leggur gríðarlega mikið upp úr því að búningararnir hennar séu sem glæsilegastir og frumlegastir. Hún hefur alltaf haldið búningnum sínum vandlega leyndum fram á síðustu stundu svo nú biða margir óþreyjufullir til þriðjuddags þegar kemur í ljós hvaða hrekkjavökuflipparanum Heidi. Þangað til er gaman að rifja upp nokkur af gervunum sem hún hefur tekið á sig gegnum tíðina.

Fyrsta hrekkjavökueveislan var haldin aldamótaárið 2000 og þá mætti Heidi hin ljóshærða og ljósa yfirlitum sem svarthærð og svartklædd goth-draugadiva. Árið eftir var hugmyndaflugið og þorið meira en þá heiðraði Heidi hina frægu lafði Godivu sem reið hesti berróssuð gegnum þorp sitt á elleftu öld. Árið eftir var það teiknimyndahetjan Betty Boop og svo tóku við gullin gyðja, rauðhærð norn og vampíra. 2006 þurfti að fela óléttubumbu og Klum gerði það í eplabúningi sem snákur hringaði sig um og var þar með orðin hinn eini sanni forboðni ávöxtur. Árið eftir var hún kisa og þar á eftir blá, mikilfengleg og margarma hindúagyðjan Kali. Hjónin Klum og Seal voru svo tveir hrafnar

árið 2009 sem okkur á norðurlöndum finnst ekki erfitt að þekkja sem Hugin og Munin þótt eitthvað hafi verið rætt um krákur og Edgar Allan Poe og árið eftir tók hún á sig gervi hinna vinsælu umskiptinga eða Transformers. 2011 var annarsamt ár hjá Klum en þá hélt hún tvö hrekkjavökuböð. Í öðru voru hún og Seal persónur úr Apaplánetunni en í hinu mátti sjá Klum húðlaus á sjúkrabörum í búningi sem sýndi fullkomlega vöðvabyggingu mannsins.

Árið 2012 var hrekkjavökugleðinni aflýst vegna hamfaranna í kjölfar fellibylsins Sandy en Klum sýndi samt búninginn sem var mikilfengleg Kleópatra. 2013 lét hún svo elda sig, þó ekki í potti heldur með hjálp förðunarfræðinga sem bættu um fjórutíu árum við aldur hennar. Árið eftir reis hún úr öskustónni sem ægífastur fiðrildi og þar á eftir var það önnur teiknimyndapersóna sem fékk heiðurinn af Heidi Klum, nefnilega Jessica Rabbitt, eiginkona Kalla kanínu. Í fyrra þótti Heidi Klum svo slá allt út með gjörningi en þá var risastórum kassa með áletruninni Made in Germany komið fyrir fyrir utan partístaðinn. Þegar kassinn var opnaður komu í ljós sex Heidiar Klum enda hét búningurinn Klón. Einhverjum þótti erfitt að greina þá einu réttu frá hinum en aðrir sögðu að eftirmyndirnar fimm væru eins og barbídúkkur af Barbru Streisand. Hvað sem því líður má ætla að Heidi Klum sé einmitt á þessari stundu að leggja síðustu hönd á eitthvert stórkostlegt búningalistaverk og það verður sannarlega spennandi að sjá hvað það verður.




Í fyrra þótti Heidi Klum slá sjálfa sig út, eða öllu heldur sjálfar sig en hún mætti sem sexfalt klón af sjálfri sér sem bar titilinn Made in Germany en Klum er einmitt fædd og uppalin í Þýskalandi.



Heidi Klum og Seal, þáverandi eiginmaður hennar, bregða sér í gervi apanna á Apaplánetunni árið 2011.



Árið 2014 stal þetta fiðrildi algerlega senunni á Times Square en undir förðuninni leynist að sjálfsgöðu Heidi Klum.



Huginn og Muninn eða kátar krákur? Heidi og Seal brýna goggana góðlátlega í hrekkjavökuböði sínu 2009.



2013 lét Heidi Klum svo elda sig, þó ekki í potti heldur með hjálp förðunarfræðinga.



Árið 2008 hrundi fjármálakerfi heimsins og Heidi Klum brá sér í gervi refsigyðjunnar Kali.

NÝ SENDING AF
SVÖRTUM DRÖGTUM
SÍÐUM PILSUM - ODDFELLOW KLÆÐNAÐI



Tískan

Skipholti 21, 105 Reykjavík
Sími 551 0770 | www.tiskan.is

B/A/S/L/E/R MaxMara BRAX

Smáauglýsingar

512 5000

Afgreiðsla smáauglýsinga og simi er opin alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

Bílar & Farartæki



Suzuki fjörgengis utanborðsmótorar Nettir, léttir, sparneytnir, hljóðlátir og áreiðanlegir. Eigum flestar stærðir á lager.

SUZUKI UMBOÐIÐ ehf
Skeifunni 17, 108 Reykjavík
Sími: 565-1725
suzuki@suzuki.is
Suzuki.is / suzukisport.is

Hjólbarðar



NÝJU SAILUN DEKKIN Á FRÁBÆRU VERÐI.

Einnig úrval notaðra dekkja. Tökum notuð uppí ný. Vaka s. 567 6700

Þjónusta

Pípulagnir

PÍPULAGNIR

Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð. Uppl. í s. 663 5315

Hreingerningar

VY-ÞRIF EHF.

Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki o.fl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

Málarar

REGNBOGALITIR

Getum bætt við okkur verkefnum innanhúss. Nýmálun, endurmálun, spörtlun, lökkun og fl. Vönduð vinnubrögð og snyrtileg umgengi. Hrólfur Ingi Skagfjörð löggitur málaramestari Upplýs, malarar@simnet.is, Sími 891 9890

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bill. Búslóðalyfta. Flutningabj. Miikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is


Húsviðhald

Tek að mér allt alm. viðhald húsa, s.s. málun, múrun, flísa- & parketlagnir og trésmíði. S. 616 1569

Nudd

NUDD

Slökunarnudd í miðbæ Reykjavíkur. Sími 694 7881, Zanna.



Keypt & Selt

Til sölu



LOK Á HEITA POTTA OG HITAVEITUSKELJAR.

Stærðir í cm: 200x200, 210x210, 220x220, 235x235, 235x217, 217x174, 8 hyrnd lok. Lokin þola 1000 kg jafnarðarpunga af snjó. Vel einangruð og koma með 10 cm svuntu. Sterkustu lokin á markaðnum. Litir: Brúnt eða Grátt. Opnara til þess að auðvelda opnun á loki. www.Heitipottar.is Sími 777 2000 Haffi og 777 2001 Grétar



Hágæða Hornafjarðarhumar og sjávarfang. SÉRFRÆÐINGAR Í SJÁVARFANGI Heimsending. www.humarsalan.is Pöntunarsími: 867 206677

Sérfræðingar í ráðningum

Ánægðir viðskiptavinir eru okkar besta auglýsing

FAST Ráðningar

lind@fastradningar.is
mjoll@fastradningar.is
www.fastradningar.is



HONDA

CR-V Executive Dísel

Nýskráður 2/2012, ekinn 76 þús.km., dísel, sjálfskiptur.

Verð kr. 3.990.000



HONDA

Swift GL 4WD

Tilvalinn skólabil. 4X4!, nýskráður 5/2011, ekinn 141 þús.km., bensín, 5 girar.

Verð kr. 890.000



BÍLL DAGSINS

CR-V Panorama

Nýskráður 8/2007, ekinn 156 þús.km., bensín, 6 girar.

Verð kr. 1.390.000

Verð kr.

1.390.000



HONDA

Civic Sedan ES

Nýskráður 4/2005, ekinn 166 þús.km., bensín, sjálfskiptur.

Verð kr. 690.000



HONDA

Civic Comfort 5dyra

Nýskráður 3/2016, ekinn 32 þús.km., bensín, sjálfskiptur 5 girar.

Verð kr. 2.590.000



HONDA

Jazz Trend

Rúmgöður sparibaukur, nýskráður 5/2017, ekinn 13 þús.km., bensín, sjálfskiptur.

Verð kr. 2.490.000



HONDA

5008 style

Rúmgöður 7 manna fjölskyldubíll, nýskráður 9/2014, ekinn 104 þús.km., dísel, sjálfskiptur.

Verð kr. 2.290.000



HONDA

CR-V Lifestyle Navi Dísel

Leiðsögukerfi, 9 girar sjálfskipting, eyðir litlu, nýskráður 8/2016, ekinn 28 þús.km., dísel, sjálfskiptur 9 girar.

Verð kr. 5.190.000



HONDA

CR-V Elegance Navi Dísel

Bakkmyndavél, leiðsögukerfi, eyðla um 5L/100km innanbæjar, nýskráður 7/2016, ekinn 18 þús.km., dísel, 6 girar.

Verð kr. 4.590.000

Afgreiðslutími

Mánudaga - föstudaga milli kl. 10:00 og 18:00

Laugardaga milli kl. 12:00 og 16:00

notaðir.bernhard.is opið allan sólarhringinn



Bílakjarnanum • Eirhöfða 11 • Sími 551 7171 • notadir.bernhard.is

Óskast keypt

KAUPUM GULL-
JÓN & ÓSKAR

Alla virka daga í verslun okkar
Laugavegi 61 Jón & Óskar
jonogoskar.is s.552-4910

Tómstundir
& Ferðir

Fyrir veiðimenn

HÖLL
RJÚPNASKOT

kr. 1.990



kr. 2.490

Vesturröst

Laugaveg 178 - sími: 551 6770 - www.vesturröst.is

Húsnæði

Húsnæði í boði

TIL LEIGU NÝLEGT 133 -
1.000 FM ATVINNUHÚSNÆÐI
Í REYKJAVÍK

133 fm bil með allt að 9 m
lofthæð, stórar innkeyrsludyr, góð
malbikuð lóð, og greið aðkoma.

Nánari upplýsingar veitir Sværrir
í s. 661 7000

Geymsluhúsnæði

GEYMSLUR.IS
SÍMI 555-3464

Geymslur af öllum stærðum. Allt að
20% afsláttur. www.geymslur.is

WWW.GEYMSLAEITT.IS
FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR

á minna en 7 m². Ódýrt eftir það. S:
564-6500

Hönnun



HÖNNUN

VERKFRÆÐITEIKNINGAR

Tek að mér að gera
verkfræðiteikningar af íbúðarhúsum
og sumarhúsum. Fast verð.
Upplýsingar í síma 783 4180 eða
kjartangardars@gmail.com

Atvinna

Atvinna í boði

KAFFI MILANO FAXAFENI 11

Starfsfólk óskast í helgarvinnu.
Sendið uppl. á milano@simnet.is

FYRIRTÆKI í Reykjavík óskar eftir
fólki í þríf ofl. Þarf að hafa bilpróf.
Ums.sendist til Fbl, á: smaar@
frettabladid.is

Ábendingnappinn má
finna á www.barnaheill.is

Mat á umhverfisáhrifum
Ákvörðun um matsskyldu

Skipulagsstofnun hefur tekið ákvörðun um að framkvæmdin

Allt að 1.000 tonna eldi á þorski og regnboga-
silungi Hábrúnar í Skutulsfirði

skuli háð mati á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum nr. 106/2000.
Ákvörðunin liggur frammi hjá Skipulagsstofnun, Borgartúni 7b, Reykja-
vík og á vef stofnunarinnar www.skipulag.is. Ákvörðunina má kæra til
úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála til 27.nóvember 2017.



Fáðu þér appið!
www.fasteignir.is

Þjónustuauglýsingar

Sími 512 5407

Snyrti & nuddstofan Smart

Kirkjulundi 19 • 210 Garðabæ



Alltaf frábær tilboð í gangi hjá okkur!
Kíkjið á facebook síðu okkar:
facebook.com/snyrti og [nuddstofan smart](https://facebook.com/nuddstofan-smart)

Verið hjartanlega velkomin.

Tímabantanir í s. 789 3031 & 897 3035 • helgasig2@gmail.com
og á [Facebook.com/snyrti](https://facebook.com/snyrti) og [nuddstofan smart](https://facebook.com/nuddstofan-smart)

viftur.is

Viftur • Blikkrör • Aukahlutir

íshúsið

S:566 6000 • Smiðjuvegur 4a, 200 Kópavogur



Rafstilling ehf

startarar - alternatorar - perur
viðgerðir - sala
hröð og góð þjónusta
Dugguvogi 23 - s: 5814991
rafstilling@rafstilling.is



Alla fimmtudaga og laugardaga

arnarut@365.is sigrunh@365.is